

Fundargerð 24. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 26. nóvember 2015

Fimmtudaginn 26. nóvember 2015 kl. 12:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30.

Mættir voru: Róbert Ragnarsson formaður, Gauti Jóhannesson og Anna Lind Ragnarsdóttir. Í símasambandi voru Steinunn María Sveinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson,

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Tillaga að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða

Lögð voru fram drög að umsögn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga um tillögu að breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Rætt var um umsögnina og var formanni falið að ganga frá umsögn eftir fund með ráðherra.

2. Minnisblað frá sjávarútvegsfundi

Lagt var fram minnisblað sem tekið var saman í umræðuhópum á sjávarútvegsfundinum.

Menn voru sammála um að helsta markmið samtakanna yrði áfram að berjast fyrir hlutdeild í veiðigjaldinu en einnig voru tvö önnur verkefni sem koma fram í minnisblaðinu sem stjórnin vill beita sér fyrir. Þau eru efling nýsköpunar og fræðslu í greininni og skipulags- og gjaldtökumál í tengslum við fiskeldi.

3. Trillan

Starfsmaður gerði grein fyrir stöðu verkefnisins.

Stjórn samþykkir að markaðssetja og kynna forritið þegar það kemur út. Starfsmanni og formanni falið að vinna að málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50.

Fundargerð skráði VRH